

**Ed.**

**25. Nefndarálit**

[8. mál]

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967 og lög nr. 10/1974 um skattkerfisbreytingu.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í athugasemdum við frv. segir, að greiðslustaða ríkissjóðs hafi farið mjög versnandi á undanförnum mánuðum og komi þar til áhrif frá auknum niðurgreiðslum og erfiðum fjárhag hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Vegasjóði. Til þess að bæta úr þessu til skamms tíma er hér lagt til, að söluskattur verði hækkaður um 2% og verði alls 19 stig á smásöluverð neytenda.

Hér er farið inn á nýjar brautir með því að leggja til að söluskattur, sem er eftir reynslu langtíma skattstofn, sé hækkaður til þess að mæta nú skammtíma lausn á stöðu ríkissjóðs. Þetta er því athyglisverðara, sem það var eitt af aðalmálum hjá sjálfstæðismönnum við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, að setja ætti „þak“ á fjárlögin og draga þannig verulega úr aukinni skattheimtu á almenning í landinu. Nú hafa mál skipast þannig, að þeir sem lögðu til að byrjað væri á þaksmíðinni eru komnir á „þak“ stjórnsmálanna, og skildi maður því ætla að hinir nýju „fiðlarar á þakinu“ hæfu að spila samkvæmt fyrri forskrift, en svo er að sjá sem þær nótur finnast nú ekki. Sá tónn, er með þessu frv. er gefinn, virðist því vera falskur og ekki í samræmi við frumvarp og orð núverandi fjármálaráðherra og sjávarútvegsráðherra.

Fyrir Alþingi liggur nú að leysa úr fjárhagsvandræðum Rafmagnsveitna ríkisins og Vegasjóðs og meðan ekki liggur fyrir að vandamál þessara tveggja ríkisstofnana verði leyst eins og tillögur eru um, telur undirritaður ekki rétt að koma með hækkun á söluskatti til skyndilausnar á fjárhagsvandræðum þeirra.

Það er viðurkennt af öllum, að of mikil þensla ríkir hér í efnahagskerfi okkar og óðaverðbólgan geisar með meiri ofsa en nokkru sinni áður.

Það væri því rökrétt að ætlast til þess að fyrstu ráðstafanir nýrrar ríkisstjórnar væru til þess gerðar að hamla rösklega á móti verðbólgunni, en ekki sem olíuskvotta á bálið.

Það kom fram á fundi nefndarinnar, að staða ríkissjóðs var um  $\pm$  2.8 milljarðar í ágúst s. l. og mun það vera um 2 milljörðum verri staða en á sama tíma 1973.

Einnig kom fram, að lántökur eru nú svo miklar orðnar á þessu ári, að ekki er þess að vænta að meira verði gert í því efni erlendis frá. Hvort sem hlutfall á lánum hjá ríkissjóði hefur farið mikið hækkanði eða ekki á þessu ári, þá verður að telja það óeðlilegt að afgreiða í skyndi hækkun á söluskatti, er leggur nær 2000 milljónir á almenning, án þess að glögg grein sé gerð fyrir þörfum á þessu fjármagni og mótun nýrrar stefnu í fjárlagagerð ríkisins.

Með hliðsjón af framansögðu, leggur undirritaður til, að frv. um hækkun á sölu-skatti um 2 stig verði fellt.

Alþingi, 2. sept. 1974.

Jón Árm. Héðinsson.